Skipulagsstofnun

Kópavogsbær
Birgir H. Sigurðsson
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík, 14. janúar 2015
Tilvísun: 201412060 /

Efni: Rétt fyrir afrétt Seltjarnarneshrepps hinn forna., Kópavogsbær

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 23. desember 2014, óskað meðmæla Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga nr. 123/2010, með veitingu framkvæmdaleyfis fyrir færslu núverandi lögréttar, Heiðabrúnaréttar ásamt gerð bílastæða og aðkomuvegar, frá Fossvöllum og norður fyrir Suðurlandsveg. Áætlað er að byggja nýja rétt nyrst í Mosunum, neðan Neðri - Fóelluvatna, nálægt syðri bakka Heiðarbrúnakvíslar og austan Búrfellslínu. Staðsetning nýrrar réttar er á svæði þar sem aðalskipulagi er frestað, en er innan lögsögu Kópavogs sbr. úrskurð óbyggðanefndar frá 20. júní 2014.

Málið var rætt á fundi skipulagsnefndar Kópavogs 28. júlí 2014 og í framhaldi var Skipulagsstofn send fyrirspurn varðandi málsmeðferð, sem var svarað með bréfi dags. 14. ágúst 2014.

Erindinu fylgdi lýsing á framkvæmdinni ásamt yfirlits- og afstöðuuppdráttum dags. 15. desember 2014 , auk eldri gagna frá 28. júlí 2014. Meðfylgandi er samþykki Forsætisráðuneytisins dags. 12. nóv. 2014, og jákvæðar umsagnir eftirfarandi aðila:

- Mosfellsbæjar dags. 16. sept. 2014
- Landsnets dags. 15. sept. 2014
- Umhverfisstofnunar dags. 24. sept. 2014
- Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, dags. 1. okt. 2014
- Lögreglunnar dags. 9. okt. 2014

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn. Með hliðsjón af ákvæðum skipulagslaga gerir stofnunin ekki athugasemd við að sveitarstjórn veiti framangreint leyfi.

Málfríður K. Kristiansen

Laugavegi 166 | Sími 595 4100 • Fax 595 4165 | www.skipulagsstofnun.is
IS-150 Reykjavík | Kennitala 590269 5149 | skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026